

	VERKLAGSREGLUR um Nýdoktorasjóð Háskóla Íslands	Bl. 1 af 2 Ábm. Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs. Samþ. í háskólaráði 1. febrúar 2024. Málsnúmer: HI24020048
---	--	--

1. Inngangur

1.1. Verklagsreglur þessar fjalla um Nýdoktorasjóð Háskóla Íslands sem er undir-sjóður Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands.

2. Styrkur

2.1. Nýdoktorastyrkir eru ætlaðir þeim sem uppfylla skilyrði verklagsreglna um nýdoktora.

2.2. Nýdoktorastyrkir úr Nýdoktorasjóði Háskóla Íslands eru veittir til allt að þriggja ára. Heimilt er að lengja styrktímabil um eitt ár ef nýdoktor er í hlutastarfi.

2.3. Styrkurinn er fyrir launakostnaði nýdoktors og eru laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Hverjum styrk fylgir rannsóknafé, en stjórn sjóðsins ákveður fjárhæð þess hverju sinni.

3. Umsókn

3.1. Umsókn um nýdoktorastyrk skal fylgja:

3.1.1. Ferilskrá og kynningarbréf

3.1.2. Greinargerð um rannsóknarverkefni. Í greinargerð skal meðal annars fjalla um vísindalegt nýmæli, gildi og markmið rannsóknar auk almennrar lýsingar á verkefninu sem birta má opinberlega. Greinargerðin fyrir utan almennu lýsinguna er trúnaðarmál.

3.1.3. Ritaskrá.

3.1.4. Afrit af doktorsprófsskírteini eða staðfesting frá viðkomandi háskóla (frá leiðbeinanda og/eða viðeigandi háskóladeild) um að umsækjandi verji doktorsritgerð á umsóknarári.

3.1.5. Staðfesting frá fræðasviði, deild eða stofnun við Háskóla Íslands um að umsækjandi muni njóta fullnægjandi aðstöðu og aðgangs að búnaði til að stunda fyrirhugaðar rannsóknir eftir því sem við á, ásamt staðfestingu á samstarfsaðila nýdoktorsins úr röðum akademískra starfsmanna.

3.1.6. Öll innsend fylgigögn skulu vera á PDF formi.

3.2. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn nöfn tveggja fagaðila sem geta veitt umsögn um gæði rannsókna umsækjanda og getu viðkomandi til að sinna fyrirhugaðri rannsókn. Æskilegt er að annar umsagnaraðilinn hafi tengst doktorsverkefni umsækjanda. Þessir umsagnaraðilar skulu senda umsagnir sínar beint til sjóðsins.

4. Mat á umsóknum

4.1. Við mat á umsóknum er fyrst og fremst litið til ferilskrár, greinargerðar um rannsóknarverkefnið og ritvirkni umsækjanda, með tilliti til þess tíma sem liðinn er frá doktorsprófi.

4.2. Til þess að umsókn teljist styrkhæf verður vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna að vera ótvírætt. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint faglega og

	VERKLAGSREGLUR um Nýdoktorasjóð Háskóla Íslands	Bls. 2 af 2 Ábm. Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs. Samp. í háskólaráði 1. febrúar 2024. Málsnúmer: HI24020048
---	--	---

tímaáætlun rökstudd. Einnig er nauðsynlegt að umsækjendur sýni fram á vísindalega hæfni sína og aðgang að nægilega góðri aðstöðu til að vinna fyrirhugað verk. Þá er litið til þess hvort líklegt sé að niðurstöður fái birtar á vettvangi sem gerir strangar vísindalegar kröfur.

4.3. Nýdoktorasjóður tekur mið af jafnréttisáætlun háskólans. Jafnframt er litið til jafnvægis á milli fræðasviða Háskóla Íslands við val á milli umsækjenda.

4.4. Hugað er sérstaklega að því hvort öll gögn séu til staðar áður en ákvörðun er tekin um úthlutun, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

5. Úthlutun

5.1. Sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af rektor annast mat umsókna, forgangsörðun og úthlutun. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi frá hverju fræðasviði, ásamt formanni sem skipaður er af rektor án tilnefningar.

5.2. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins. Úthlutað er einu sinni á ári og rennur umsóknarfrestur alla jafna út í byrjun febrúar, sbr. auglýsingu hverju sinni. Miðað er við að tilkynnt sé um úthlutun innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfresti lýkur.

5.3. Þegar úthlutunarnefnd hefur komist að niðurstöðu um úthlutun er væntanlegum styrkþegum tilkynnt um hana. Styrkþegar fá vikufrest til að svara hvort þeir þiggi styrkinn og veita upplýsingar um upphaf starfs. Styrkþegar eru beðnir um að halda trúnað um úthlutunina þar til almenn tilkynning hefur verið birt.

5.4. Öllum umsækjendum er svarað og þeim tilkynnt um úthlutun þegar ákvörðun hefur verið tekin.

6. Greiðsla styrks

6.1. Styrkur er greiddur út tvisvar ári í samræmi við raunkostnað launa nýdoktorsins. Fyrsta greiðsla fyrir fyrstu 6 mánuði ársins er greidd í júní ár hvert og síðari greiðslan við árslok.

6.2. Rannsóknafé skal greitt út í júní.

7. Gildistaka

7.1. Verklagsreglur þessar taka gildi 1. mars 2024.